

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum sveitarstjórnar, getur hún þá með fundar-samþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Sveitarstjórn ákveður, hvort oddviti eða annar sveitarstjórnarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

14. mars 1977.

Nr. 151.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 2 827.00 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 1 807.00 á mánuði.
- Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 209.00 á mánuði og kr. 1 004.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútúlítra.
- Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar og geymslu-húsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: Fyrir hvern rúmmetra kr. 8.00 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Hitaveitugjöld samkv. 3. gr. verða krafín til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð: Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 117 100.00. Hús 300 m³ til 2000 m³ að utanmáli kr. 117 100.00 fyrir 300 m³ og kr. 87.00 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 267 648.00 fyrir 2000 m³ og kr. 74.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir aðrennslihemil umfram einn á sama inntaki er kr. 15 055.00.

Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m² skal greiða kr. 117 100.00. Gróðurhús stærri en 200 m² skal greiða kr. 117 100.00 fyrir 200 m² og kr. 193.00 fyrir hvern fermetra umfram 200 m².

6. gr.

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar des. 1976, sem var 126 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 146 28. apríl 1976.

Íðnaðarráðuneytið, 14. mars 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.